

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 136/902

komudagur 20.2.2009

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK
nefndasvid@althingi.is

20. febrúar 2009

Tilvísun: 2009020051

Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, 279. mál, tímabundin útgreiðsla séreignasparnaðar

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 12. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, 279. mál, sem er þingmannafrumvarp lagt fram af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og varðar tímabundna útgreiðslu séreignasparnaðar.

Fjármálaeftirlitið telur það vera verulegan annmarka á frumvarpi þessu að það gerir ráð fyrir útgreiðslu séreignasparnaðar að hluta eða að fullu, án þess að neinar takmarkanir séu á þeim fjárhæðum sem hver einstaklingur getur leyst út. Frumvarpið gerir ekki heldur ráð fyrir að útgreiðslunni sé dreift yfir ákveðið tímabil, heldur að rétthafi geti leyst út allan sinn sparnað í einu lagi, svo fremi að hann uppfylli skilyrði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins um að útgreiðslan renni til greiðslu skulda rétthafa.

Fjármálaeftirlitið telur að ef frumvarpið yrði að lögum óbreytt kynni það að leiða til meira útstreymis fjármagns af þessum séreignarsparnaðarleiðum en lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar fengju ráðið við. Séreignarsparnaður hefur fram til þessa verið hugsaður sem langtímasparnaður og fjárfestingarstefna hefur verið mótuð með það í huga. Þær eignir sem liggja að baki réttindum rétthafa þessa sparnaðar eru því fjármálagerningar með langan líftíma, í sumum tilvikum skuldabréf til 10 til 20 ára. Engin teljandi markaður er fyrir slík skuldabréf í því ástandi á fjármálamörkuðum sem nú ríkir, þannig að annað hvort yrðu þessir fjármálagerningar óseljanlegir eða að selja þyrfti þá með miklum afföllum. Því myndu lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar í mörgum tilvikum lenda í þroti með útgreiðslu séreignarsparnaðarins, ef eftirspurn eftir slíkum útgreiðslum yrði jafn mikil og gert er ráð fyrir, en skv. könnun sem gerð var á vegum lífeyrissjóða og kynnt hefur verið Fjármálaeftirlitinu, má ætla að allt að þriðjungur rétthafa muni kjósa að fá séreignarsparnað sinn útgreiddan.

Á það má jafnframt benda að við þessar aðstæður þyrftu lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar að selja þær eignir sem auðseljanlegast væru, en þeir rétthafar sem vildu ekki fá séreignarsparnað sinn útgreiddan sætu þá eftir með illseljanlegar eignir. Ef þetta yrði reyndin væri ekki gætt fyllsta jafnræðis á milli þeirra sem vildu fá séreignarsparnað sinn greiddan út og hinna sem vildu halda honum.

Ætla má að séreignarsparnaður landsmanna nemi nú tæplega 300 milljörðum króna. Ef það reynist rétt að allt að þriðjungur rétthafa muni vilja fá séreignarsparnað sinn útgreiddan getur útgreiðslan í heild sinn orðið á bilinu 80 - 100 milljarðar króna. Mikið af þessum eignum liggur í verðbréfasjóðum og beiðnir um innlausnir af þessari stærðargráðu mun þar af leiðandi verða

til þess að margir þeirra munu þurfa að loka fyrir innlausnir um lengri tíma vegna þess að þeir munu ekki geta selt undirliggjandi eignir. Ef lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar munu þurfa að losa um eignir sem nemur framangreindri upphæð mun það verða alvarlegt áfall fyrir fjármálamarkaðinn í landinu.

Fjármálaeftirlitið getur því ekki mælt með að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Haldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Ólafur E. Friðriksson
Ólafur E. Friðriksson